

# Nemandahestur fyrir fyrsta árið

## Sem lokaverkefni á 1.ári á nemandinn að sýna vel þjálfaðan reiðhest

### Hesturinn

Nemandinn kemur með hestinn með sér í upphafi vorannar. Hesturinn skal vera a.m.k. á 7.vetri og helst ekki eldri en 14 vetra. Mælt er með að þyngd nemandans sé ekki meira en 30% af þyngd hestsins. Nemandinn þarf að framvísa dýralæknisvottorð um að hesturinn sé heilbrigður. Varast skal að koma með hest með sjúkrasögu af álagsmeiðslum.

### Gangtegundir og gæði

Ráðlagt er að þekkja nemandahest sinn vel og ekki verra ef nemandi hefur keppt á hestinum, t.d. í tölti eða fjórgangi. Mikilvægt er að hesturinn hafi góðar grunnangtegundir (fet, brokk, stökk) ásamt taktgóðu tölti. Æskilegt er að engin gangtegund sé mjög léleg og að ekki sé alvarlegur misstyrkur til staðar hjá hestinum (t.d. að hesturinn geti ekki stokkið bæði hægra og vinstra stökk).

### Þjálfunarstig

Hesturinn skal vera vel taminn með grundvallaratriðin í lagi, þ.e. spennulaus, stefnufastur, taktgóður, sveigjanlegur. Hann kundi grunnábendingar og jafnvel einföldustu fimíæfingar, t.d. framfótasúning og krossgang. Nemandinn verður að geta sýnt allar gangtegundir (nema skeið) á hestinum.

### Geðslag

Hesturinn má ekki vera með hegðunarvandamál, svo sem slægð, leti, rokur, tungubasl, hrekki, kergju, spennu eða hræðsluköst. Hann verður að vera rólegur í umgengni og samstarfsfús. Ekki má koma með hesta, sem haldnir eru húslöstum (t.d. ropara eða vefara) í námið.

### Myndskeið (myndband) og mat

Nemendur senda myndskeið með hesti num til umsjónarkennara til að fá bráðabirgðamat á hestinn, ekki seinna enn við upphaf haustannar. Einnig er hægt að senda á [mette@holar.is](mailto:mette@holar.is) eða Mette Mannseth, Þúfum, 566, Hofsós í sumar.

Til athugunar, varðandi myndskeiðið :

- Nemandinn á sjálfur að vera knapi á hestinum
- Skila einungis myndskeiði með einum hesti
- Ekki tónlist undir myndskeiðinu
- Góð myndataka og myndgæði, svo hægt sé að meta hestinn
- Upplýsingar sem verða að fylgja:
  - Nafn nemandans og tölvupóstfang
  - Nafn hestsins og IS-númer
  - Keppnisárangur ef til staðar
- Sýna skal:
  - allar gangtegundir nema skeið (þ.m.t. hægra og vinstra stökk) á beinum og beygðum sporum
  - að einnig er gott að sýna þær fimíæfingar sem hesturinn kann.

### ***Skil á myndskaiðinu/myndbandinu***

Skila má upptökunni á geisladiski eða minnislykli, eða sem slóð á YouTube eða Vimeo (eða sambærilegum veitum). Ath. að gefinn sé kostur á fullnægjandi myndgæðum.

Nemandinn fær svar við mati kennara á hestinum á fyrstu vikum haustannar, eða fyrr hafi myndskaiði verið skilað snemma.

Nemendahesturinn er námsgagn nemandans og mun hafa áhrif á námsframvindu hans. Mikilvægt er að nemandinn komi með eins góðan hest og mögulegt er.

### ***Koma hestanna í Hóla***

Hestarnir eiga að koma í góðu líkamlegu ástandi (holdamat 3-3,5), á járnum og í þjálfun, þegar námskaiðið hefst í byrjun janúar. Sé um það að ræða að hestur komi fyrr, þarf að semja um hesthúspláss við bústjóra.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með hestunum í okt.-nóv., ef þeir eru á útigangi.